

- 115** nafninu »Fram«. Hann ritar einn firmað með sínu eigin nafni, en hefir firmanafnið prentað á reikninga, umslög o. s. frv.
4. Árni Þórðarson og Guðrún Kristjánsdóttir tilkynna, að hún sje gengin úr verslunarfjelaginu »Hermes« og hann genginn í það í hennar stað; að öðru leyti er fjelagið óbreytt.

- 116** Stjórnarráð Íslands og hið sameinaða gufuskipafjelag hafa í dag gert svofeldan

s a m n i n g

um gufuskipaferðir milli Kaupmannahafnar og Íslands um Leith og Færeyjar.

1. grein.

Fjelagið skuldbindur sig til að halda uppi stöðugum gufuskipasamgöngum milli Kaupmannahafnar og Leith annars vegar og Íslands hins vegar, og enn fremur gufuskipaferðum kringum Ísland og skulu bæði millirikjaferðir og strandferðir farnar eftir ferðaáætlunum þeim fyrir árið 1908, sem stjórnarráð Íslands samþykkir. Ekki mega viðkomur í Færeyjum vera tíðari heldur en viðkomur millirikjaskipanna þar samkvæmt núgildandi ferðaáætlun, og skulu haldast ákvæði hennar um viðkomu skipanna eingöngu vegna póstflutnings. Hins vegar má krefjast þess, að skipin komi eins oft við í Færeyjum eins og millirikjaskipin koma þar nú.

2. grein.

Á millirikjaskipunum skal vera fyrsta og annað farrými. Fyrsta farrými skal fylgja sjerstakt kvannaherbergi. Fyrsta farrými á að geta tekið 30 farþega að minsta kosti, og annað farrými á tveim skipunum um 50 og hinum um 35 farþega. Skipin eiga að geta tekið 400 smálestir af vöruflutningi að minsta kosti. Til strandferðanna skal hafa skipin »Hóla« og »Skálholt« eða önnur skip jafnstór og með jafngóðu farþegarúmi. Ef »Hólar« og »Skálholt« eru höfð til ferðanna, skal stækka annað farrými á þeim, eftir því sem unt er.

Gjaldskrá um fargjöld og farmgjöld skal borin undir stjórnarráð Íslands til staðfestingar og mega gjöld þessi með eftirgreindri undantekningu, ekki vera hærri en eftir núgildandi gjaldskrá. Öll farmgjöld milli Leith og Íslands hvora leiðina sem er, skulu talin eftir sama mælikvarða og vera um 10% lægri en tilsvarandi farmgjöld milli Íslands og Kaupmannahafnar. Að því er snertir leirvarning og »fajance« skal þó mega ákvarða gjaldið eftir því, sem nú er greitt fyrir flutning milli Leith og Íslands.

Ekki má hækka fargjald nje farmgjald milli tveggja staða, þótt skift sje **116** um skip á leiðinni, en skyldur er þá farþegi að nota fyrsta skip, sem á að fara **5. des.** þangað, er ferð er heitið.

Á ferðum þeim milli Íslands og annara landa, sem getur um í þessum samningi, skal veita alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum þá ivilnun með fargjald, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða þá sýslumanni eða bæjarfógeta í sýslu þeirri eða kaupstað, þar er maðurinn á heima.

Ennfremur skuldbindur fjelagið sig til að flytja innflytjendur frá Leith til Íslands fyrir sama fargjald eins og hingað til hefir verið tekið af farþegum í 3. farrými frá Íslandi til Leith.

3. grein.

Fjelagið er skylt að flytja á öllum þeim ferðum, sem um er rætt í 1. gr. póstflutning allan, brjef og böggla og ber ábyrgð á öllum póstflutningum meðan hann er í vörzlum skipsins, það er að segja frá því að skipverjar taka á móti honum og þangað til að hann er fenginn í hendur þjónum póststjórnarinnar. Skal hann mjög vandlega geymdur í lokuðu herbergi, nema brjefakassinn, sem skal settur þar er allir geta að honum komist. Fjelagið ber ábyrgð á því tjóni, þeim missi eða þeim skemdum, sem póstflutningur kann að verða fyrir sökum þess að hans er illa gætt. Farist skip eða hlekkist því á, skal, svo sem framast er kostur á, reyna að bjarga póstflutningnum og flytja hann til næsta pósthúss. Skyldi maður þurfa að fylgja póstflutningi á skipinu sökum þess, hve mikill póstflutningur þessi er eða dýrmætur, fær maður þessi far ókeypis bæði fram og aftur, en sjálfur verður hann að sjá sjer fyrir fæði.

4. grein.

Póstflutningur skal afhentur á skip og af skipi samkvæmt skrá og gegn kvittun skipstjóra og hlutaðeigandi póstembætiismanns. Sýni viðtakandi, að póstflutningurinn sje eigi samkvæmur skránni, skal sá er afhendir póstflutninginn skyldur að rita undir athugasemd þar að lútandi.

Þegar eftir komu gufuskipsins, skal póstflutningur fluttur úr skipi, hvort sem það liggur við land eða fyrir akkerum á sjó úti, til næsta pósthúss, og skal fjelagið bera kostnaðinn af flutningi þeim, nema í Kaupmannahöfn, þar mun póstflutningurinn verða sóttur. Sömu reglum skal fylgja um flutning póstflutnings á skip.

5. grein.

Fjelagið skuldbindur sig til að sjá um, að enginn af skipverjum eða nokkur annar flytji með sjer muni er skylt er að senda með pósti. Verði slíkt uppvist, skal hlutaðeigandi auk þess að greiða hina lögboðnu sekt einnig rækur

116 úr skipinu. Þó má skipstjóri án þess slíkt varði vitum, flytja brjef um málefni 5. des. skipsins frá útgerðarmönnum þess til afgreiðslumanna og milli hinna síðarnefndu.

6. grein.

Fjelagið greiðir öll útgjöld, en aftur á móti bera því öll fargjöld og farmgjöld.

Fyrir alt það, er fjelagið lætur í tje samkvæmt því, sem að framan er talið, fær fjelagið alls 70 þúsund krónur — sjötíu þúsund krónur — hvort árið. Þóknunin greiðist svo framarlega sem fjelagið þá hefir fullnægt skuldbindingum sínum, þannig: 7000 kr. í apríl og 7000 kr. hvern hinna eftirfarandi mánaða í árinu, og afganginn 7000 kr. þá er lokið er hinni síðustu ferð í desember.

7. grein.

Skyldi is hamla því að skipið komist út frá Kaupmannahöfn á leið til Íslands í einhverri af ferðum þeim, sem getur um í 1. grein, fellur sú ferð niður og frá ársþóknuninni skal draga fyrir hverja ferð, sem þannig ekki er farin 2500 krónur.

Ef is tálmar því að lokið verði einhverri strandferð eða ferð í kringum Ísland og tilhlýðileg sönnun er færð fyrir því af hálfu fjelagsins, skal ekkert dregið frá hinni umsömdu árlegu þóknun. En verði það ekki sannað, að is hafi tálmað ferð, sem fallið hefir niður að einhverju eða öllu leyti, eða skyldi fjelagið á móti von ekki láta fara umsamdar ferðir skal það greiða fyrir hverja ólokna ferð — nema skipi hafi hlekkst á, — 1000 kr. sekt og skal auk þess draga frá ársþóknuninni fyrir hverja ferð, sem ekki er lokið, kr. 2500 fyrir millirikjaferð og 2400 krónur fyrir ferð í kringum landið eða strandferð.

8. grein.

Samningur þessi gildir fyrir árin 1908 og 1909 svo framarlega sem fjelagið fullnægir hinum settu skilyrðum og ríkisþing Danmerkur veitir 40,000 kr. hvort árið af fje því, sem með þarf til lúkningar á þóknun þeirri, sem um ræðir í 6. grein.

Eftir upphæðinni 2 sinnum 70 þúsund krónur, er stimpilgjaldið fyrir samninginn kr. 23,30 og greiðir hver samningsaðili helming þess.

Samningur þessi er gerður í 2 samritum, og fær stjórnarráð Íslands og sameinaða gufuskipafjelagið sitt eintakið hvort.

Kaupmannahöfn, 5. desember 1907.

Ráðherra Íslands.

Stjórn hins sameinaða gufuskipafjelags.

H. Hafstein.

Chr. Kronman.